



Forsætisnefnd

Samþykkt öldungaráðs - breytingar

Á fundi borgarstjórnar 6. desember 2022 var samþykkt svohljóðandi breytingartillaga við fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar fyrir árið 2023:

SBPC-3 Tillaga vegna breytinga á fjölda fulltrúa í öldungaráði. Lagt er til að fjárheimildir mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu verði lækkaðar um 500 þ.kr. með fækkun á tveimur fulltrúum í öldungaráði. Gert er ráð fyrir að fulltrúar fari úr 9 niður í 7 fulltrúa. Fjárheimild verður flutt á kost.st. 09610 á ÖNN.

Meðfylgjandi er tillaga að endurskoðaðri samþykkt öldungaráðs þar sem gert er ráð fyrir fækkun á fulltrúum í ráðinu í samræmi við ákvörðun borgarstjórnar. Í tillögunni er gert ráð fyrir nýrri skipan ráðsins í 5. gr. kemur nú fram að öldungaráð verði skipað sjö fulltrúum og jafnmörgum til vara. Borgarstjórn kys þrjá fulltrúa og þrjá til vara, Félag eldri borgara tilnefnir þrjá fulltrúa og þrjá til vara, Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins tilnefnir einn fulltrúa og einn til vara og er þessi skipan í samræmi við lágmarkskröfur 7. gr. laga um málefni aldraðra nr. 125/1999. Samtök aldraðra og Korpúlfar, samtök eldri borgara í Grafarvogi munu því ekki eiga sérstaka fulltrúa í öldungaráði eftir breytinguna en verða áfram í hópi þeirra hagsmunasamtaka sem ráðið leitar samráðs við.

Tilnefningaraðilar skulu fara að ákvæðum 2. mgr. 28. gr. laga laga um jafnan stöðu og jafnan rétt kynjanna nr. 150/2020.

Mælt er með því að forsætisnefnd vísi endurskoðaðri samþykkt til staðfestingar borgarstjórnar.

Virðingarfyllst,
Helga Björk Laxdal
Skrifstofustjóri borgarstjórnar

Hjálagtt: Tillaga að endurskoðaðri samþykkt öldungaráðs

Samþykkt fyrir öldungaráð Reykjavíkurborgar

Umboð

1. gr.

Öldungaráð Reykjavíkurborgar starfar í umboði borgarráðs með þeim hætti sem nánar er kveðið á um í samþykkt þessari, samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 1020/2019, 2. mgr. 38. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, 6. gr. laga um málefni aldraðra nr. 125/1999 og eftir því sem lög mæla fyrir um.

Verksvið

2. gr.

Öldungaráð Reykjavíkurborgar fer með verkefni samkvæmt 2. mgr. 38. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga þar sem fjallað er um þjónustu við aldraða og framkvæmd og þróun öldrunarmála. Öldungaráðið fer einnig með verkefni samkvæmt ákvæðum laga 125/1999 um málefni aldraðra.

Öldungaráðið skal vera borgarstjórn, nefndum og ráðum Reykjavíkurborgar til ráðgjafar um málefni og hagsmuni borgarbúa sem eru 67 ára og eldri. Ráðið skal stuðla að hvers konar upplýsingagjöf og samstarfi Reykjavíkurborgar við hagsmunasamtök hópsins, móta stefnu og gera tillögur til borgarráðs sem varða verksvið þess.

3. gr.

Öldungaráðið er vettvangur samráðs borgarbúa sem eru 67 ára og eldri, félagasamtaka þeirra, atvinnulífs og borgaryfirvalda og er virkur þátttakandi í allri stefnumörkun málaflokksins. Öldungaráðið er ráðgefandi fyrir starfsemi Reykjavíkurborgar í málafloknum og stuðlar, í samstarfi við þjónustumiðstöðvar Reykjavíkurborgar, að eflingu félagsauðs og kynningu á þjónustu borgarstofnana til borgarbúa sem eru 67 ára og eldri.

4. gr.

Öldungaráð skal ávallt í störfum sínum fylgja öllum stefnumarkandi og almennum samþykktum borgarstjórnar og borgarráðs.

Skipan

5. gr.

Öldungaráðið er skipað sjö fulltrúum og jafnmörgum til vara. Borgarstjórn kýs þrjá fulltrúa og þrjá til vara, Félag eldri borgara tilnefnir þrjá fulltrúa og þrjá til vara, Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins tilnefnir einn fulltrúa og einn til vara. Tilnefningaraðilar skulu fara að ákvæðum 2. mgr. 28. gr. laga laga um jafnan stöðu og jafnan rétt kynjanna nr. 150/2020.

Borgarstjórn kýs formann ráðsins en öldungaráðið sjálft kýs sér varaformann og skiptir að öðru leyti með sér verkum. Kjörtímabil ráðsins er hið sama og borgarstjórnar. Þá getur ráðið tekið ákvörðun um áheyrnarfulltrúa hagsmunasamtaka með málfrelsi og tillögurétt.

Öldungaráð getur í sérstökum tilfellum skipað undirnefndir, stýri- eða starfshópa til að fjalla um afmarkaða málaflokka eða verkefni í samræmi við reglur Reykjavíkurborgar um starfs- og stýrihópa. Slíkum nefndum og hópum skal setja erindisbréf þar sem skilgreind eru helstu verkefni og starfinu sett tímamörk. Tilkynna skal um skipan allra undirnefnda, stýri- og starfshópa til borgarráðs.

Verkstjórn og verkaskipting

6. gr.

Formaður öldungaráðs er í forsvari fyrir það um stefnumótun og ákvarðanir þess eftir því sem við á og hefur, ásamt öðrum fulltrúum í ráðinu, eftirlit með framkvæmd mótaðrar stefnu í málaflokknum. Öldungaráðið er vistað hjá mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu Reykjavíkurborgar. Mannréttindastjóri Reykjavíkurborgar ber ábyrgð á framkvæmd ákvarðana ráðsins og rekstri og stjórnarsýslu skrifstofunnar.

Boðun funda og fundarsköp

7. gr.

Öldungaráð skal að jafnaði halda fund mánaðarlega, þ.m.t. einn opinn fund árlega. Formaður getur boðað til aukafunda eftir þörfum. Fella má niður fundi í alls tvo mánuði að sumarlagi.

Formaður boðar til funda, ákveður dagskrá í samráði við sviðsstjóra og stýrir fundum ráðsins. Á dagskrá skulu m.a. tekin mál, sem fulltrúar í ráðinu hafa óskað eftir að tekin verði þar fyrir, enda séu þau á verksviði ráðsins. Reglulegir fundir skulu boðaðir með a.m.k. tveggja sólarhringa fyrirvara, dagskrá skal fylgja fundarboði auk þess sem birta skal hana á opnum vef Reykjavíkurborgar ásamt fundargögnum. Rafræn boðun fundar og útsending fundargagna telst fullgild boðun. Aukafundi skal boða með a.m.k. sólarhrings fyrirvara ef því verður við komið.

Heimilt er að taka mál til meðferðar í ráðinu þótt ekki sé það tilgreint á útsendri dagskrá en skylt er þá að fresta afgreiðslu þess til næsta fundar sé þess óskað. Um fundarsköp fer eftir samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 1020/2019 eftir því sem við á.

Mannréttindastjóri Reykjavíkurborgar skal sitja fundi öldungaráðsins með málfrelsi og tillögurétt. Jafnframt skal fulltrúi velferðarsviðs sitja fundi ráðsins með málfrelsi og tillögurétt. Þá getur ráðið boðað til fundar einstaka starfsmenn Reykjavíkurborgar sem og aðra þá sem hún telur þörf á hverju sinni.

Fundaskipulag og ritun fundargerða

8. gr.

Ráðsfundur skal að jafnaði haldinn fyrir luktum dyrum og er þá óheimilt að greina opinberlega frá ummælum sem fram koma hjá einstökum fundarmönnum. Ráðið skal halda gerðabók og senda eftirrit fundargerða til borgarráðs jafnóðum. Um ritun fundargerða fer eftir leiðbeiningum innanríkisráðuneytisins um ritun fundargerða sveitarstjórna, sbr. 2. mgr. 19. gr. sveitarstjórnarlaga, sbr. 15. gr. samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 1020/2019 og verklagsreglum skrifstofu borgarstjórnar um fundargerðir nefnda og ráða Reykjavíkurborgar.

Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa sér um skrifstofuhald fyrir ráðið og leggur því til fundarritara. Í upphafi árs skal kynna fundadagatal ráðsins. Þar komi m.a. fram tímasetning opinna funda og samráðsfunda með hagsmunaaðilum eftir því sem við á.

Samráð

9. gr.

Öldungaráð ber ábyrgð á upplýsingamiðlun og samráði við íbúa, félagasamtök **m.a. Samtök aldraðra** og aðra hagsmunaaðila sem tengjast verkefnum ráðsins. Ráðið skal leita umsagna eða annars samráðs þegar við á og efni mála gefur tilefni til. Við undirbúning veigamikillar stefnumörkunar til langs tíma skal leggja fram í ráðinu sérstaka áætlun um hvernig haga á samráði við stefnumótun

Öldungaráði ber að halda a.m.k. einn opinn fund á ári.

Málsmeðferð

10. gr.

Við undirbúning mála og stjórnvaldsákvarðanir skal þess gætt að farið sé að stjórnarsýslulögum og verklagsreglum um stjórnarsýsluna.

Óski aðili máls frekari rökstuðnings eða beri hann fram kvörtun vegna afgreiðslu öldungaráðs skal honum leiðbeint um réttarstöðu sína, m.a. um heimild til að óska endurupptöku stjórnvaldsákvörðunar í borgarráði með hliðsjón af skilyrðum 24. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993. Telji borgarráð að skilyrði endurupptöku séu fyrir hendi skal ráðið taka málið upp að nýju.

Um hæfi kjörinna fulltrúa og starfsmanna vísast í samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 1020/2019.

Samþykkt þessi tekur þegar gildi og fellur þá jafnframt úr gildi samþykkt fyrir öldungaráð Reykjavíkur frá 6. nóvember 2018.

Samþykkt í borgarstjórn

X. febrúar 2023